

**ÚRSKURÐUR**  
**ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA**

---

**MÁL NR. 15/2010**

Kæra RT veitinga ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. [45/2010](#).

1. Þann 17. nóvember 2010 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 15/2010: Kæra RT veitinga ehf. á ákvörðun Neytendastofu nr. 45/2010 frá 16. september 2010. Í málinu úrskurða Eiríkur Jónsson, Egill Heiðar Gíslason og Eyvindur G. Gunnarsson.
2. Með bréfi til áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 28. september 2010, lýsti RT veitingar ehf. þeirri ósk sinni að Neytendastofa tæki tillit til nánar tiltekinna sjónarmiða sem lýst var í bréfinu og léti kröfu um greiðslu stjórnvaldssekta niður falla. Bréfið var sent í kjölfar ákvörðunar Neytendastofu nr. 45/2010 frá 16. september 2010, þar sem stofnunin komst að þeirri niðurstöðu að RT veitingar ehf., rekstraraðili veitingahússins Ruby Tuesday, Skipholti 19, Reykjavík, hefði brotið gegn 17. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005, og 4. mgr. 5. gr. reglna um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar nr. 725/2008, með því að setja ekki upp matseðil með verðskrá við inngang umrædds veitingahúss. Þá hefði fyrirtækið ekki farið að tilmælum Neytendastofu þess efnis að koma verðmerkingum sínum í viðunandi horf. Í ákvörðuninni var RT veitingum ehf. gert að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 50.000 innan þriggja mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar, með vísan til b- og c-liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005. Áfrýjunarnefnd neytendamála ákvað að meðhöndla umrætt bréf RT veitinga ehf. sem kæru á umræddri ákvörðun og lítur svo á að kærandi krefjist þess að ákvörðunin verði felld úr gildi, en í síðara bréfi kæranda til áfrýjunarnefndarinnar kemur fram að kærandi fari þess á leit að stjórnvaldssektin verði felld niður.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga um Neytendastofu og talsmann neytenda nr. 62/2005, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

**MÁLAVEXTIR**

4. Hinn 28. apríl 2010 fór starfsmaður Neytendastofu á veitingahúsið Ruby Tuesday, Skipholti 19, Reykjavík, sem rekið er af kæranda, til að kanna ástand verðmerkinga. Í skjali sem hann fyllti út við athugunina er því lýst að samkvæmt 5. gr. reglna um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar nr. 725/2008 skuli veitingahús ávallt hafa matseðil með verðskrá við inngöngudyr. Í upplýsingum um drykkjarföng skuli jafnframt tilgreina magn. Í skjalinu kemur síðan fram sú niðurstaða að reglum um matseðil sé ekki fylgt á veitingahúsinu, en sú sé á hinn bóginn raunin varðandi magnupplýsingar í verðskrá drykkja. Skjalið er undirritað bæði af fulltrúa Neytendastofu og veitingastaðarins. Í hinni kærðu ákvörðun kemur fram að í lok skoðunarinnar hafi starfsmaður Neytendastofu skilið eftir bréf hjá starfsmanni fyrirtækisins þess efnis að skoðunin hafi farið fram

og Neytendastofa muni senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð verði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

5. Neytendastofa sendi kæranda bréf í kjölfarið, dags. 12. maí 2010. Þar kemur fram að dagana 26.-29. apríl 2010 hafi Neytendastofa gert athugun á verðmerkingum veitingahúsa og þar með hvort matseðlar væru til sýnis við inngöngudyr og magnupplýsingar drykkjarfanga tilgreindar. Í ljós hafi komið að veitingahúsin Ruby Tuesday í Skipholti og Höfðabakka fylgi ekki svohljóðandi reglu í reglum nr. 725/2008: „Veitingahús skulu ávallt hafa matseðil með verðskrá við inngöngudyr. Í upplýsingum um drykkjarföng skal jafnframt tilgreina magn“. Á hvorugum staðnum hafi matseðill verið til staðar við inngöngudyr. Í bréfinu er síðan tekið fram að Neytendastofa beini þeim eindregnu tilmælum til forráðamanna veitingahúsanna að þeir sjái til þess að umræddri reglu í reglum nr. 725/2008 sé fylgt við framsetningu á verðskrá, matseðli og öðrum upplýsingum. Stofnunin muni fylgja athuguninni eftir með nýrri athugun og því megi búast við að tekin verði ákvörðun um sektir, skv. IX. kafla laga nr. 57/2005, verði ekki farið að tilmælum stofnunarinnar um að koma vörumerkingum í rétt horf.
6. Hinn 24. júní 2010 fór starfsmaður Neytendastofu aftur á veitingahúsið Ruby Tuesday, Skipholti 19, Reykjavík. Niðurstaða athugunarinnar var hin sama og áður, þ.e. að reglum um matseðil væri ekki fylgt á veitingahúsinu, en reglum varðandi magnupplýsingar í verðskrá drykkja væri fylgt. Fyrir liggur samskonar skjal og vegna athugunarinnar 28. apríl 2010, sem undirritað er bæði af fulltrúa Neytendastofu og veitingastaðarins. Auk framangreindra niðurstaðna er rituð eftirfarandi athugasemd á skjalið: „Nýr eigandi látinn vita“. Um þetta segir í hinni kærðu ákvörðun að starfsmaður veitingahússins hefði gert þær athugasemdir að nýr eigandi yrði látinn vita.
7. Í kjölfarið sendi Neytendastofa kæranda bréf, dags. 23. júlí 2010. Þar er vísað til athugunarinnar 28. apríl 2010, bréfsins sem skilið hafi verið eftir í fyrirtækinu í kjölfar hennar, og bréfsins frá 12. maí 2010. Starfsmaður Neytendastofu hafi fylgt skoðuninni eftir þann 24. júní 2010 og skoðunin leitt í ljós að matseðill með verðskrá væri ekki til staðar við inngang veitingastaðarins í Skipholti. Síðan segir í bréfinu: „Óski RT veitingar ehf., sem er rekstraraðili Ruby Tuesday, eftir að koma að skýringum eða athugasemdum áður en tekin verður ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005 þurfa þær að hafa borist stofnuninni innan tíu daga frá dagsetningu þessa bréfs. Að þeim tíma liðnum má búast við að tekin verði ákvörðun í málinu.“ Engar athugasemdir bárust Neytendastofu innan frestsins.

### ÁKVÖRDUN NEYTENDASTOFU

8. Hinn 16. september 2010 tók Neytendastofa hina kærðu ákvörðun nr. 45/2010. Þar var sem fyrr segir komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði brotið gegn 17. gr. laga nr. 57/2005 og 4. mgr. 5. gr. reglna nr. 725/2008, og stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 50.000 lögð á kæranda, með vísan til b- og c-liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005.
9. Í niðurstöðukafla ákvörðuninnar er fyrst tekið fram að í málinu hafi kærandi ekki sinnt tilmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Þar er efni 17. gr. laga nr. 57/2005 síðan rakið og tekið fram að samkvæmt ákvæðinu beri söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum

og þjónustu. Næst er efni 4. mgr. 5. gr. reglna nr. 725/2008 rakið og tekið fram að samkvæmt ákvæðinu beri kæranda ávallt að hafa matseðil með verðskrá við inngöngudyr. Með því að setja ekki upp matseðil með verðskrá við inngöngudyr veitingahússins Ruby Tuesday hafi kærandi brotið gegn 17. gr. laga nr. 57/2005 og 4. mgr. 5. gr. reglna nr. 725/2008. Þá hafi fyrirtækið ekki farið að tilmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum sínum í viðurnandi horf og því þyki stofnuninni nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimili.

10. Í ákvörðuninni eru ákvæði b- og c-liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 loks rakin og tekið fram að með vísan til alls framangreinds þyki Neytendastofu hæfilegt að leggja stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 50.000 á kæranda. Sektina skuli greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunarinnar.

### **RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU**

11. Í bréfi kæranda til áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 28. september 2010, sem áfrýjunarnefndin ákvað að meðhöndla sem kæru, kemur fram að kærandi hafi orðið við þeirri beiðni að setja matseðil í glugga við inngang veitingahússins þegar gerð hafi verið athugasemd við það í sumar. Undanfarið hafi verið unnin viðhaldsvinna á staðnum, af málurum, og einnig hafi verið sett lógó í alla glugga. Matseðill með upplýsingum um verð hafið því verið tekinn niður meðan á þessum framkvæmdum stóð. Í bréfinu segir loks orðrétt að það sé „einlæg ósk okkar að Neytendastofa taki tillit til þessa og láti kröfu um greiðslu stjórnvaldssekta niður falla, matseðill með upplýsingum um verð er kominn á sinn stað“.
12. Með bréfi, dags. 1. október 2010, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Neytendastofa svaraði með greinargerð, dags. 12. október 2010. Í greinargerðinni er þess krafist að ákvörðun stofnunarinnar verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Neytendastofa tekur fram að skylda til verðmerkinga á vörum og þjónustu sé afdráttarlaus og ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005 og reglna nr. 725/2008 séu skýr þar um. Stofnunin geti ekki fallist á skýringar kæranda um að það sé honum til málsbóta að framkvæmdir hafi verið í gangi. Framangreind lög og reglur kveði á um að matseðill með verðskrá skuli ávallt vera við inngöngudyr veitingahúss og engar undantekningar séu gerðar þar á. Vegna þessa telji Neytendastofa að veitingahús verði að gera ráðstafanir til þess að verðmerkingar séu í lagi þrátt fyrir að viðhaldsvinna sé á staðnum, sé veitingahúsið á annað borð opið fyrir viðskiptavinum. Að hafa ekki matseðil með verði við inngöngudyr veitingahúss telji stofnunin skýrt brot á ákvæðum laga nr. 57/2005 sem og reglum Neytendastofu nr. 725/2008, einkum 4. mgr. 5. gr.
13. Neytendastofa vekur einnig athygli á því að kærandi hafi hvorki gert athugasemdir þegar starfsmaður stofnunarinnar kom í veitingahús hans þann 28. apríl 2010 né þann 24. júní 2010. Einnig hafi kæranda verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum við bréf Neytendastofu, dags. 12. maí 2010 og 23. júlí 2010, en hann látið slíkt ógert. Að öðru leyti vísar Neytendastofa til hinnar kærðu ákvörðunar.
14. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála, dags. 19. október 2010, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við greinargerð Neytendastofu. Svar barst með bréfi, dags. 27. október 2010.

Þar er fyrst tekið fram að kærandi fari fram á að stjórnvaldssekt verði látin niður falla af hálfu Neytendastofu. Síðan segir að við fyrstu heimsókn Neytendastofu þann 28. apríl 2010 hafi starfsmaður í sal kvittað fyrir móttöku, ekki verið yfirmaður á staðnum og bréf þetta aldrei borist í hendur rétttra aðila. Eftir aðra heimsókn hafi verið brugðist við og matseðli komið fyrir á viðeigandi hátt eins og óskað hafi verið. Eigendaskipti hafi orðið á þessum tíma, nokkur viðhaldsvinna verið framkvæmd á staðnum og farist hafi fyrir að setja matseðil upp. Loks segir í bréfinu að kærandi fari þess á leit að stjórnvaldssektin verði felld niður.

## NIÐURSTAÐA

15. Mál þetta lýtur að ákvörðun Neytendastofu þar sem stjórnvaldssekt var lögð á kæranda á þeim grunni að matseðil með verðskrá hafi skort við inngöngudyr veitingahússins Ruby Tuesday, Skippholti 19, Reykjavík, í andstöðu við lög nr. 57/2005 og reglur nr. 725/2008. Í málinu er óumdeilt að matseðlar voru ekki til staðar við inngöngudyr veitingahússins er athuganir Neytendastofu fóru fram þann 28. apríl 2010 og 24. júní 2010. Kærandi óskar þess hins vegar að stjórnvaldssektin verði felld niður og vísar m.a. til viðhaldsvinnu sem átt hafi sér stað á staðnum, þess að bréf við fyrri athugunina hafi ekki borist í hendur rétttra aðila og að matseðill sé nú kominn á sinn stað, sbr. nánar 11. og 14. mgr. að framan um sjónarmið kæranda.
16. Samkvæmt 17. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 skal fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustað að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Í 17. og 18. gr. laganna er Neytendastofu veitt heimild til setningar frekari ákvæða um verðmerkingar og það hefur stofnunin gert með reglum um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar nr. 725/2008. Í 1. málsl. 4. mgr. 5. gr. reglnanna kemur fram að veitingahús skuli ávallt hafa matseðil með verðskrá við inngöngudyr.
17. Framangreint ákvæði reglna nr. 725/2008 er skýrt um umrædda skyldu. Kærandi braut gegn þessari skyldu, enda er sem fyrr segir óumdeilt að matseðill var ekki til staðar við inngöngudyr veitingahússins þegar athuganir Neytendastofu fóru fram. Sjónarmið kæranda um að viðhaldsvinna hafi leitt til þess að matseðillinn var ekki til staðar geta ekki breytt því að brotið var gegn ákvæðinu, enda er skyldan samkvæmt því fortakslaus. Þá er ljóst að þótt matseðill kunni nú að vera kominn upp, þá breytir það því ekki að brotið var gegn umræddum ákvæðum á þeim tíma er athuganir Neytendastofu fóru fram. Samkvæmt þessu er fallist á niðurstöðu Neytendastofu um brot kæranda á 4. mgr. 5. gr. reglna nr. 725/2008 og 17. gr. laga nr. 57/2005. Kemur þá til skoðunar hvort málsmeðferð Neytendastofu og ákvörðun stofnunarinnar um álagningu stjórnvaldssektarinnar hafi verið í samræmi við lög.
18. Telja verður að málsmeðferð Neytendastofu hafi uppfyllt kröfur stjórnsýslulaga nr. 37/1993, þar á meðal um rannsókn, leiðbeiningu og andmælarétt, sbr. 7., 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Gerir kærandi raunar ekki athugasemdir við málsmeðferðina nema að því er snertir fyrri athugunina, þ.e. að þá hafi starfsmaður í sal kvittað fyrir móttöku, yfirmaður ekki verið á staðnum og umrætt bréf aldrei borist í hendur rétttra aðila. Jafnvel þótt komist væri að þeirri niðurstöðu að

## Úrskurður nr. 16/2010

leiðbeiningar til kæranda og möguleikar hans til andmæla hafi á einhvern hátt verið ófullnægjandi við fyrri athugunina, er ljóst að kærandi var í kjölfarið með skýrum og forsvaranlegum hætti upplýstur um viðeigandi reglur, og fékk oftast en einu sinni tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en ákvörðun um stjórnvaldssekt var tekin, sbr. fyrirbyggjandi bréf Neytendastofu, dags. 12. maí 2010 og 23. júlí 2010, auk síðari athugunarinnar þann 24. júní 2010, sem ekki virðist standa ágreiningur um. Ákvörðunin verður því ekki felld úr gildi á grundvelli ófullnægjandi málsmeðferðar.

19. Í 22. gr. laga nr. 57/2005 er Neytendastofu veitt heimild til að leggja á stjórnvaldssektir fyrir brot sem þessi. Á þeim grundvelli lagði stofnunin stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 50.000 á kæranda. Þrátt fyrir að nánari rökstuðningur Neytendastofu fyrir sektarfjárhæðinni hefði verið æskilegur verður að telja sektina hóflega, þegar litið er til þeirra marka sem sett eru fram í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, sektarfjárhæða í öðrum sambærilegum málum og þeirrar staðreyndar að um skýrt brot á reglum nr. 725/2008 var að ræða. Sektin rúmast því fyllilega innan meðalhófsreglu stjórnsluréttar, sbr. 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, og ekki efni til annars en að staðfesta hana.
20. Samkvæmt öllu framansögðu ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun.

### ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Eiríkur Jónsson

Egill Heiðar Gíslason

Eyvindur G. Gunnarsson